

## **Auglýsing til bæjar- og sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2019/2020.**

Að gefnu tilefni með vísun til [auglýsingar](#) sem birtist í fjölmíðlum þann 19.10 og á vef ráðuneytisins þann 21.10 þá ítrekar ráðuneytið við bæjar- og sveitarstjórnir að **umsóknarfrestur um byggðakvóta 2019/2020 er til 15. nóvember 2019.** Þær bæjar- og sveitarstjórnir sem ekki hafa þegar sent inn umsóknir til ráðuneytisins eru hvattar til að senda umsóknir bréflega eða með tölvupósti á [anr@anr.is](mailto:anr@anr.is). Jafnframt vill ráðuneytið vekja athygli á [leiðbeiningum Fiskistofu um byggðakvóta 2019/2020 um breytta framkvæmd](#).

Texti [auglýsingar](#) ráðuneytisins fylgir hér að neðan:

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa bæjar- og sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðíárið 2019/2020, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Bæjar-/sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögini innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.

Umsóknarfrestur um byggðakvóta fiskveiðiársins 2019/2020 er  
**til 15. nóvember 2019.** Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki tekna til greina.

Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:

1. Minni byggðarlög (**viðmiðun er 2.000 íbúar þann 1. janúar 2019**), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.
2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

[Type here]

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir bæjar-/sveitarstjórnum niðurstöðuna.

Ráðuneytið hefur gefið út [reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíarinu 2019/2020, nr. 675, 4. júlí 2019](#) og [reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíarinu 2019/2020, nr. 676, 4. júlí 2019](#) og eru bæjar- og sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér innihald þeirra.

Með kveðju,

Jón Þrándur



Jón Þrándur Stefánsson, sérfraðingur / Specialist

Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis / Department of Fisheries and Aquaculture  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation  
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9700  
[www.anr.is](http://www.anr.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing